

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 23. október 2023

**Umsögn UN Women á Íslandi um framvarp til laga um Mannréttindastofnun Íslands**

Virðingarfyllst,  
f.h. UN Women á Íslandi



Stella Samúelsdóttir,  
framkvæmdastýra

## UMSÖGN UN WOMEN Á ÍSLANDI

um

frumvarp til laga um Mannréttindastofnun Íslands þskj. 242, 239. mál.

UN Women á Íslandi er ein þrettán landsnefnda UN Women Stofnunar Sameinuðu þjóðanna um jafnrétti og valdeflingu kvenna. UN Women á Íslandi styðja heils hugar frumvarp til laga um að koma á fót sjálfstæðri, innlendri mannréttindastofnun. Stofnun slíkrar stofnunar myndi loksins uppfylla þær kröfur sem gerðar voru í Parísarviðmiðunum frá 1993. Það er gríðarlega mikilvægt að stuðla að framgangi mannréttinda á Íslandi og að uppfylla um leið alþjóðlegar skuldbindingar Íslands.

UN Women á Íslandi fagnar því að sjálfstæði stofnunarinnar hefur verið tryggt. Stofnunin er í reynd óháð stjórnvöldum og getur þannig sinnt mikilvægum eftirlitsskyldum sínum í takt við aðrar eftirlitsstofnanir ríkisins sem sannarlega eru óháðar líkt og Umboðsmaður Alþingis og Ríkisendurskoðandi heyra undir Alþingi en ekki framkvæmdavaldið. Er þeim þannig tryggt nægilegt sjálfstæði til að sinna eftirliti sínu meðal annars gagnvart framkvæmdavaldinu.

UN Women á Íslandi hafa áhyggjur af því að fjárhagslegar stoðir stofnunarinnar séu ótryggar og að komið verði á fót stofnun sem fái ekki nægilegt fjármagn til að sinna tilskyldu hlutverki sínu. Til þess að stofnunin sé sannarlega sjálfstæð og óháð eftirlitsstofnun er mikilvægt að tryggja fjármuni og nægjanlegan mannafla til að sinna þeim mikilvægu störfum. Án nægilegs fjármagns og stöðugilda í upphafi óttast UN Women á Íslandi að ekki verði nægilegt bolmagn til að sinna þeim brýnu og aðkallandi verkefnum sem blasa við. Telur UN Women á Íslandi að þeir fjármunir sem virðast eiga að vera eyrnamerkir í rekstur á ársgrundvelli muni duga ansi skammt og bagalegt að fara eigi af stað með jafn stórt verkefni með jafn litlum krafti. Grundvöllur þess að hægt sé að tryggja innlendri mannréttindastofnun sjálfstæði í störfum er að stjórnvöld tryggi slíkri stofnun mannafla og fjármuni til að geta sinnt sínu hlutverki og verkefnum. Það er einlæg ósk UN Women á Íslandi að nægir fjármunir verði tryggðir til þess að Mannréttindastofnun Íslands geti sinnt sínu hlutverki svo sómi sé að.